KFUM KFUK

## KFUM og KFUK

Lindakirkja mun líkt og frá stofnun safnaðarins bjóða uppá vandað barnastarf, fyrir börn á aldrinum 9-12 ára, í samvinnu við KFUM og KFUK.

Í starfinu, sem er börnunum að kostnaðarlausu er mikið lagt upp úr leik, söng og gleði þar sem allir eru virkjaðir. Bingó, þrautir, hópefli, gestir og spurningakeppni er meðal dagskrárliða ásamt helgistund og fræðslu um kristna trú. Í lok vorannar endar starfið með ferð í Vatnaskóg eða Vindáshlíð yfir eina nótt.

Dagskrá KFUM og K í Lindakirkju verður birt á heimasíðunni lindakirkja.is innan skamms.

**KFUM drengjastarfið** verður einu sinni í viku á mánudögum frá 15:00-16:30. Rúta stoppar fyrir fundi kl. 14:30 í Vatnsendaskóla, kl. 14:40 í Hörðuvallaskóla og 14:50 í Lindaskóla. Leiðtogar í vetur verða sr. Guðni Már Harðarson, Jón K. Guðbergsson, Axel Valur Þórisson og Eyþór Örn Hafliðason. **Fyrsti fundur verður mánudaginn 16. september.**

**KFUK stúlknastarfið** verður einu sinni í viku á þriðjudögum frá 17:30-18:30. Rúta stoppar fyrir fundi kl. 17:00 í Vatnsendaskóla, kl. 17:10 í Hörðuvallaskóla og 17:20 í Lindaskóla. Leiðtogar í vetur verða Kristín Gyða Guðmundsdóttir, Ásta Guðrún og Heiðbjört. **Fyrsti fundur verður þriðjudaginn 17. september.**

Fyrirvari er á rútuferðum því þær verða lagðar af ef fáir nýta sér þær.

# Foreldramorgnar



Foreldramorgnar eru haldnir alla þriðjudaga kl. 10-12 í Lindakirkju. Á foreldramorgnum koma ung börn og foreldrar þeirra hvaðanæva að og eiga saman skemmtilega stund.

Mömmur hafa alltaf verið í miklum meirihluta sem sækja morgnana, en pabbarnir láta þó líka sjá sig endrum og sinnum. Krílin sem mæta eru á aldrinum frá því að vera nýfædd til leikskólaaldurs. Það er mjög gott að mæta og hitta aðra sem eru á sama stað í lífinu, deila reynslu og að fá ráð.

Það er alltaf kaffi á könnunni hjá okkur, brauð og kósýheit og kostar ekki neitt. Ekki láta hugsunina um að „ég þekki ekki neinn" stoppa þig í að mæta því að nánast hvern þriðjudag bætast einhverjir nýir í hópinn. Dagskrá foreldramorgna má finna á heimasíðunni lindakirkja.is en oft fáum við gesti sem miðla af fróðleik eða sýna okkur eitthvað skemmtilegt. Foreldramorgna í Lindakirkju má einnig finna á facebook.

Umsjón með morgnunum hefur Áslaug Helga Hálfdánardóttir tónlistarkennari.



# Kór Lindakirkju

Guðsþjónustur í Lindakirkju eru haldnar kl. 20 alla sunnudaga. Kór Lindakirkju leiðir safnaðarsöng í þeim flestum. Óskar Einarsson, tónlistarstjóri Lindakirkju stjórnar kórnum sem syngur alls kyns kirkjutónlist en gospel skipar þar stóran sess. Á hverjum vetri heldur kórinn fjölda af tónleikum og hefur átt að fagna gríðargóðri aðsókn gegn um tíðina.

Kór Lindakirkju hefur af mörgum verið rómaður fyrir líflegan söng og skemmtilega framkomu. Þess vegna er um að gera að mæta, sjá og heyra kórinn í messum og á tónleikum vetrarins. Kór Lindakirkju er með síðu á facebook þar sem hægt er að fylgjast með því sem framundan er en einnig verða allir viðburðir vetrarins auglýstir á heimasíðunni: lindakirkja.is.



## Kvöldhressing

Í október er áætlað að fara af stað með samverur undir nafninu Kvöldhressing á miðvikudagskvöldum.

Þær eru ætlaðar ólíkum aldurshópum.

Boðið verður upp á skemmtilega og fróðlega fyrirlestra um nánast allt milli himins og jarðar. Kaffi og spjall að stundinni lokinni.


## Lifandi vatn
### Fréttabréf Lindakirkju
**1. tbl. 7. árg haust 2013**

**Ábyrgðarmenn:** Guðmundur Karl Brynjarsson og Guðni Már Harðarson. Auk þeirra skrifuðu í blaðið Áslaug Helga Hálfdánardóttir og Sveinn Alfreðsson.

**Myndir:** Guðmundur Karl Brynjarsson, Sveinn Alfreðsson og fleiri.


## Lindubuff Lindakirkju

Unglingastarf Lindakirkju er nefnt Lindubuff. Það er ætlað unglingum í 8.-10. bekk. Lindubuffið kemur saman á miðvikudagskvöldum í kirkjunni. Húsið opnar kl. 19:30 en dagskráin hefst kl. 20. Margt verður skemmtilegt brallað í vetur. Fylgist með á heimasíðunni lindakirkja.is eða á facebook-síðunni Lindubuff Lindakirkju.

## Lindakirkja á facebook

Lækaðu við Lindakirkju á Facebook og fylgstu með safnaðarstarfinu.



# Fjölgreinastarf Lindakirkju

Fjölgreinastarf Lindakirkju er unglingastarf sem hófst haustið 2012. Fyrsta veturinn var tekist á við mörg spennandi viðfangsefni. Farið var í nokkrar skemmtilegar og lærdómsríkar vettvangsferðir þar sem fyrirtæki voru heimsótt og framleiðsla þeirra skoðuð. Má þar nefna fyrirtækið Trefjar í Hafnarfirði til að kynnast smíði á trefjabátum. Fyrsta verkefni fjölgreinastarfsins var að smíða kajak úr trefjaplasti sem fór sína fyrstu jómfrúrferð á Reykjvíkurtjörn.



Fljótlega eftir að Fjölgreinastarfið hófst vaknaði áhugi hjá unglingunum að safna sér fyrir ferð til útlanda. Seldar voru kökur, kaffi, pylsur og auglýsingar á kajakinn til fjáröflunar. Nokkrir aðilar styrktu Fjölgreinastarfið með fjárframlögum. Fyrir áramótin voru framleiddir flugeldaskotpallar í stórum stíl og seldir til fjáröflunar og má sjá einn þeirra á meðfylgjandi mynd.



Foreldrar unglinganna voru virkir í allri fjáröflun og komu að starfinu á ýmsan hátt m.a. með bakstri, aðstoð við flugeldapallasmíðina og hvað annað sem þurfti aðstoða við.

Þann 3. júní var draumurinn að veruleika þegar lagt var af stað í fimm daga ferð til Danmerkur. Kaupmannahöfn var skoðuð og að sjálfsögðu farið í Tívolí. Ekið var til Jótlands þar sem hópurinn skemmti sér í góðu veðri í Legolandi. Í bakaleiðinni var komið við í Bonbonlandi sem er skemmtigarður á Sjálandi. Það var sáttur hópur unglinga sem lenti á Keflavíkurflugvelli 7. maí eftir vel heppnaða utanlandsferð. Í vetur verður aftur farið af stað með Fjölgreinastarf í Lindakirkju. Þeir sem hafa áhuga að vera með er bent á að hafa samband við Svein Alfreðsson í Lindakirkju. Hægt er senda fyrirspurnir á lindakirkja@lindakirkja.is.



# Sunnudagaskólinn

Eins og tvo undanfarna vetur er sunnudagaskólinn í Lindasókn haldinn á tveimur stöðum samtímis, á sunnudagsmorgnum kl. 11 í Boðaþingi og í Lindakirkju. Í sunnudagaskólanum eru sungin sunnudagaskólalög og barnasálmar, brúðuleikrit sett á svið og svo eru sagðar biblíusögur og sígildur boðskapur Biblíunnar er settur fram á skýran og einfaldan hátt. Börnin fá litla fjársjóðskistu og safna í hana myndum með verkefnum. Að sjálfsögðu láta gamlir góðir gestir eins og Rebbi og Silli bangsi sig ekki vanta en við tökum einnig vel á móti Tófu sem mun skemmta sunnudagaskólabörnum í vetur.







## Bænastundir á þriðjudagmorgnum

Í vetur verða haldnar bænastundir á þriðjudagsmorgnum kl. 8.30-9.00. Bænastundirnar eru opnar öllum sem vilja. Einnig er hægt að senda inn bænarefni á lindakirkja@lindakirkja.is eða skrifa á blað og láta í bænakertastjakann í Lindakirkju. Beðið verður fy innsendum bænarefnum á bænastundunu

## Fjölskyldumorgnar Lindakirkju

Hófu göngu sína í ársbyrjun og tóku vi af Pabbamorgnunum sem áður voru v lýði. Fjölskyldumorgnarnir eru á laugardögum frá kl. 10 til 12 og eru þ með einföldu sniði. Börn á öllum aldri, foreldrar, ömmur, afar og allir sem vilj eru velkomnir. Tilgangurinn er umfram allt að hittast, spjalla og eiga notalegan laugardagsmorgun í kirkjunni. Fjölskyldumorgnarnir hefjast laugarda inn 21. september.

## Hjónanámskeið

Sjö vikna hjónanámskeið hefst 10. sep Námskeiðið hefst með kvöldmat kl. 19 Á hverju kvöldi er fræðsla um ákveðin afmörkuð efni til að efla og styrkja sam bandið. Listin að tjá sig og að leysa ú ágreiningi eru dæmi um viðfangsefni sem tekin eru fyrir. Pörin vinna hvert í sínum málum en engin hópvinna fer fram á kvöldunum. Aðeins er greitt fyr matinn og vinnuhefti. Hægt er að skrá sig eða fá nánari upplýsingar á lindakirkja@lindakirkja.is.

## Alfa námskeið

Í janúar 2014 verður farið af stað með nýtt Alfa námskeið. Alfa er notalegt, skemmtilegt og fræðandi námskeið. Það er staður til að slaka á, deila hugsunum sínum og kanna tilgang lífsins. Námskeiðið er fyrst og fremst fyrir fólk sem ekki er vant því að fara í kirkju, en hefur áhuga á kristinni trú. Alfa námskeiðið er haldið í Lindakirkju í Kópavogi og hefst með kynningarkvöldi 14. janúar. Hvert kvöld hefst með léttum kvöldverð kl. 19.00. Aðeins er greitt fyrir matinn.
Skráning er á lindakirkja@lindakirkja.is



## Nýir en gamlir kirkjubekkir í Lindakirkju

Eins og þeir vita sem sótt hafa Lindakirkju heim á undanförnum árum er kirkjan enn í byggingu. Sjálft kirkjuskipið er að nokkru ófrágengið þó það hafi verið notað til stærri athafna og tónleika frá fyrstu tíð. Hingað til höfum við látið okkur nægja fjölbreytt úrval af stólum sem sankast hafa að kirkjunni héðan og þaðan. Þó mörgum hafi þótt sú sundurgerð skemmtileg þá fögnum við þeirri breytingu sem hefur orðið þar á, Nýverið voru Lindakirkju færðir að gjöf kirkjubekkir fyrir um 220 manns frá Keflavíkurkirkju. Kom það til af því að Keflavíkurkirkja hefur nýverið tekið kirkjuskipið í gegn hjá sér og var allt þar innanstokks fært til upprunalegs horfs. Bekkirnir eru úr spónlagðri eik, hinir huggulegustu á að líta, eins og meðfylgjandi mynd sýnir.

## Tilgangsríkt líf

Stefnt er að því að halda námskeiðið „Tilgangsríkt líf" í lok október. Hér er um að ræða 40 daga andlegt ferðalag sem gerir fólki kleift að uppgötva svör við mikilvægustu spurningu lífsins. Hvers vegna í ósköpunum er ég hér?

Námskeiðið er á þriðjudögum og hefst kl. 20. Ekkert gjald er tekið fyrir námskeiðið.

Skráning er á lindakirkja@lindakirkja.is.

# Súpusamvera eldri borgara

Eins og síðastliðin ár verða haldnar svokallaðar súpusamverur fyrir eldri borgara mánaðarlega í kirkjunni. Súpusamvera er þó ekki réttnefni því yfirleitt er boðið upp á bitastæðari mat en súpu. Verð fyrir matinn er 1500 kr. á mann. Lárus Loftsson veitingamaður mun annast matseld eins og undanfarin ár og dagskrá samveranna verður fjölbreytt og skemmtileg.

Samverurnar hefjast kl. 12 á eftirfarandi dögum í vetur og þeim lýkur kl. 13:30. Byrjað er á borðhaldi en að því loknu er boðið upp á fræðsluerindi eða skemmtiatriði. Dagskránni lýkur með helgistund.



**Dagskrá vetrarins er:**

19. september
Stebbi sjóveiki og séraranir.

10. október – Hreyfing og heilsa.

7. nóvember
Brúðumeistarinn Bernd Ogrodnik

5. desember – Litlu jólin.

30. janúar – Á kajak kring um Ísland. Gestur er Gísli Friðgeirsson.

27. febrúar – Séraranir fara geyst í geistlegheitum og gríni.

27. mars – Þá var öldin önnur

24. apríl – Þorvaldur Halldórsson, tónlistarmaður.

15. maí - Óvissuferð!

# Unglingagospelkór Lindakirkju

Unglingagospelkór Lindakirkju var stofnaður haustið 2012 og er skipaður sönglöðum unglingum í 7. – 10. bekk. Kórinn tók að sér fjölda verkefna síðasta vetur, söng á nokkrum viðburðum og tónleikum m.a. með Regínu Ósk, hélt eigin tónleika og söng jólin inn í fjölskylduguðsþjónustu á aðfangadag.

Veturinn framundan er spennandi en eins og áður verður lagavalið fjölbreytt og skemmtilegt. Sungið verður í að minnsta kosti tveimur röddum.

Æfingar eru á miðvikudögum kl. 16:00-17:30. Kórstjóri er Áslaug Helga Hálfdánardóttir tónlistarkennari og söngkona en Óskar Einarsson tónlistarstjóri Lindakirkju kemur einnig að starfinu. Góð mæting er skylda enda lykillinn að framförum. Á hverri æfingu fer fram raddþjálfun, æfing á söng og framkomu með gleðina í söngnum í fyrirrúmi.



Gjald í kórinn er 5000 kr. á önn. Skráning í kórinn er hjá kórstjóra í gegnum netfangið aslaughh@gmail.com.

Nánari upplýsingar má finna á lindakirkja.is en Unglingagospelkórinn er einnig með síðu á facebook.

# Krílasálmar



Krílasálmar er 6 vikna tónlistarnámskeið fyrir börn 3-12 mánaða ásamt foreldri. Næsta námskeið hefst 27. september og stendur til 1. nóvember. Kennt er á föstudögum kl. 10:30-11:15. Takmarkaður fjöldi er á hverju námskeiði og því nauðsynlegt að skrá sig.Á Krílasálmum er sungið, dansað, spilað á hljóðfæri og hlustað á sögu. Unnið er með upplifun, skynjun og tengslamyndun. Krílasálmar byggjast á endurtekningu og magnað er að sjá hvað litlu krílin eru fljót að læra og halda athygli. Krílasálmar eru dásamleg nándarstund fyrir barn og foreldri. Áslaug Helga Hálfdánardóttir og Berglind Björgúlfsdóttir tónlistarkennarar og söngkonur sjá um námskeiðið. Verð fyrir 6 vikna námskeið er aðeins 5000 kr.

Skráning er í gegnum netfangið: aslaughh@gmail.com en nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni lindakirkja.is






# LIFANDI VATN

7. árg. 1.tbl. 2013




# LIFUM – LOFUM - LEITUM

Um þessar mundir gengur ellefti starfsvetur Lindasóknar í garð. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan fyrsta tölublað Fréttabréfs Lindasóknar leit dagsins ljós haustið 2002 og talsverður tími er einnig liðinn síðan síðasta tölublað kom út, eða í desember 2008. Því þótti mörgum kominn tími til að bæta úr.

Fréttabréfið ber nafnið Lifandi vatn og er því í fyrsta skipti dreift með Kópavogspóstinum og berst þá jafnframt í fyrsta skipti til allra bæjarbúa í Kópavogi en ekki aðeins sóknarbörnum í Lindasókn. Við hvetjum sóknarbörn og aðra bæjarbúa til að fylgjast vel með safnaðarstarfi okkar í vetur.

Góð leið til þess er að gerast vinur Lindakirkju á facebook.

Í safnaðarstarfi Lindakirkju reynum við að hafa þau gildi að leiðarljósi sem eru fólgin í þessum þremur orðum:

**LIFUM-LOFUM-LEITUM**

Gildin gefa okkur hugmynd um hver við viljum vera sem kirkja og eru leiðarvísir að því markmiði sem stefnt er að.

**LIFUM** – Lindakirkja vill vera lifandi kirkja, Safnaðarstarfið á að vera líflegt og við viljum við smita aðra með gleði trúarinnar. Við viljum miðla trúnni á Jesú Krist, sem er kominn til að við höfum líf í fullri gnægð. Markmið okkar sem kristinna manna er að lifa samkvæmt fagnaðarerindinu. Jesús er vegurinn, sannleikurinn og lífið sem stendur með okkur á öllum stundum lífsins í gleði og sorg.

**LOFUM** –Tónlistin er ein gjafa Guðs til að auðga líf okkar. Lindakirkja er tónlistarkirkja. Við leggjum áherslu á lofgjörðina til Guðs og viljum skapa okkur sérstöðu meðal safnaða Þjóðkirkjunnar gagnvart trúarlegri tónlist og tónlistarflutningi. Í Lindakirkju eiga margar hefðir tónlistar samleið og er þar engin ein hefð annarri æðri.

**LEITUM** – Við leitum leiðsag Guðs með líf okkar og leitum samféla við hann með öðrum trúuðum. Við er erindrekar Krists og leitum, á ha vegum, eftir hinu týnda til að frelsa þa

**Sr. Guðmundur Karl Brynjarss**
**Sr. Guðni Már Harðars**

**MESSURNAR OKKAR ERU KL. 20 Á SUNNUDÖGUM**
**ÞÆR ERU ÖÐRUVÍSI**
**PRÓFAÐU!**